

Heiti: Hegðaðu þér vel heima! – Good behaviour: at home!

Hegðun/framkoma

Aldur: 3+

Fjöldi leikmanna: Ekki tekið fram

Leiktími: Ekki tekið fram

Innihald: 34 spjöld, 9x9 sm að stærð.

Hugmynd og markmið:

Markmiðið er að þjálfa góða hegðun á heimili.

- Haltu heimilinu snyrtilegu, gakktu frá leikföngum, hengdu upp handklæði, settu rusl í ruslafötuna. Sittu fallega í sófanum. Notaðu hlífar þegar þú málar. Gakktu frá eftir máltíðir. Settu óhrein föt í þvottagrindina.
- Borðsiðir, sittu uppréttur. Notaðu hnífapör.
- Félagslega viðurkennd hegðun, deildu leikföngum og bókum. Virtu aðra, vertu í röð þar til kemur að þér. Stattu upp fyrir þér eldra fólki. Hegðaðu þér vel í búðinni. Vertu þögull í kvikmyndahúsi.
- Læra heima, lærðu heima og hafðu slökkt á sjónvarpinu.

Prosaðu málvitund með því að útskýra hvað er á hverju spjaldi fyrir sig.

Undirbúningur:

Í þessu spili eru samstæður paraðar saman. Rétt og röng/óviðeigandi hegðun er pöruð saman. Það er hægt að fá 17 pör.

Börn geta annað hvort leikið ein eða í hóp. Á bakhlið spjaldanna er leiðréttingakerfi. Þegar búið er að velja þar ætti að líta á bakhliðina, þar er tala og mynd (bros fyrir rétta hegðun og sorgmætt andlit fyrir ranga hegðun).

- Mælt er með að leiðréttingakerfið sé útskýrt fyrir börnum áður en byrjað er að spila.
- Veldu einungis spjöld sem sýna viðeigandi hegðun og athugaðu á bakhliðinni hvort þar er brosandlit.
- Lýstu hegðuninni í orðum.
- Gerðu eins með ranga hegðun.

Gangur spilsins:

Þegar spjöldin hafa verið lögð á borðið er möguleiki á að:

- Velja hvaða spjald sem er og para það.
- Velja spjald sem sýnir ranga hegðun, para við viðeigandi hegðun.
- Velja spjald sem sýnir viðeigandi hegðun, para við ranga hegðun.

Þegar barn lýsir rangri hegðun ætti það að nota orð líkt og – það á **ekki** að henda rusli á gólfið -.

Þegar barn lýsir viðeigandi hegðun ætthi það að nota orð líkt og – það á að henda rusli á gólfið -.

Þýðing: Eirný Valsdóttir